

9. gr.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 99/1985 um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

1. gr.

Reglugerð nr. 99/1985 um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum skal falla úr gildi frá og með 1. janúar 1997.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73. 28. maí 1984 um fjarskipti til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

Samgönguráðuneytinu, 12. desember 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.
REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda nr. 60/1991, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 0,07% í 1. gr. reglugerðarinnar komi 0,06%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1996.

Páll Pétursson.